

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum götum:
Freyjugötu, suðvestan megin götunnar og meðfram gæzluleikvelli norðaustan götunnar.
Bergþórugötu norðan megin frá Snorrabraut að Barónsstíg.
Geirsgötu, vestan Kalkofnsvegur að Austurbakka.
2. Samþykkt að setja stöðumæla við **Lækjargötu** austanverða frá Bankastræti að Amtmannsstíg.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. ágúst 1962.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 117.

1. júní.

ERINDISBRÉF

fyrir fræðsluráð.

I. Skipan fræðsluráða og aðalverksvið.

1. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, skal sú sýslan, sem fjölmennari er, kjósa 3 fræðsluráðsmenn, en hin tvo. Fræðsluráð kýs sér formann úr sínum hópi, enn fremur varaformann og ritara.

2. gr.

Fræðsluráð hefur á hendi stjórn skólamála í fræðsluhéraðinu undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar, eftir því sem nánar er tiltekið í erindisbréfi þessu.

Fræðsluráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um stofnun gagnfræðastigsskóla í sínu héraði, svo og um stofnun húsmæðraskóla.

II. Skipting í skólahverfi og stofnun skóla.

3. gr.

Fræðslumálastjórn mælir fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði er skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

Fræðsluráð skal aðstoða fræðslumálastjóra við skipulagningu fræðsluhéraðsins í skólahverfi, bæði með tilliti til barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, þannig að sem hagfelldast verði í sambandi við skólasókn og rekstur skólanna. Keppt skal að því, að skólahverfi verði hæfilega stór, og skulu þar fremur ráða staðhættir en hreppa- eða sýslumörk.